

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Neskaupsstað (I)



Dags eftirlits	17.4.2013	Fulltrúi UST	Gottskálk Friðgeirsson	
Fyrirtæki	Olíudreifing	Fulltrúi UST		
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið	
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía	
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40	
Fulltrúi fyrirtækis	Pórarinn Oddsson	Staðsetning	746686,545	525979,673

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom ekki fram frávik frá kröfum í starfsleyfi stöðvarinnar en ein athugasemd var gerð við áfyllingu á flutningsgeyma.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Ein rekstrarhandbók er í notkun fyrir báðar stöðvarnar á Neskaupstað, en stöð nr. 1 og 2 standa nánast hlið við hlið, einungis lýsisgeymar SVN standa á milli þeirra. Umhverfisstofnun hefur borist ósk félagsins um að starfsleyfi stöðvanna verð sameinuð í eitt. Skráningar í rekstrarhandbók voru í góðu lagi.

Mæla á olíuleifar í frárennsli olíuskilju árlega, niðurstöður mælinga fyrir 2013 skulu berast stofnuninni á árinu. Fimm geymar eru í stöðinni og hafa tveir þeirra verið botnþykktarmældir á árinu 2013. Nú hafa allir geymarnir verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum og lagnir verið þrýstiprófaðar á síðustu 5 árum.

Áfyllingarplan í stöð 1 verður í framtíðinni eini staðurinn þar sem áfylling á flutningabíla fer fram. Ljúka þarf samtengingu lagna í stöðinni svo það geti gengið eftir.

Gengið var um stöðina, myndir teknar og geymir skoðaður svo og lekavarnir (pró) og olíuskilja.

Girðingar og hlið voru í lagi.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í rekstrarhandbók liggja fyrir.

ATHUGASEMDIR

Ljúka þarf samtengingu lagna í stöðinni svo öll áfylling á flutningsgeyma geti farið fram á áfyllingarplani stöðvarinnar.

Reykjavík, 28.05.2013

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.